



ADSENT EFNI

Hugleiðingar í kjölfar refsídóms

ÞANN 13. MARS 2014 dæmdi Hæstiréttur Íslands mig í fangelsi og til sviptingar á lögmannsréttindum í eitt ár. Rétturinn taldi mig hafa vísvitandi blekkt fyrirtækjaskrá með tilkynningu um hlutafjárhækkun í Exista hf. Þannig sneri Hæstiréttur við sýknudómi í héraði þar sem ég var jafnframt talinn hafa greint rétt frá niðurstöðu umbjóðanda míns í tilkynningunni og að meðfylgjandi gögn hefðu að fullu upplýst hvernig í málinu lá.

Hvernig komst Hæstiréttur að svo allt annari niðurstöðu en héraðsdómur? Og hvernig gat sú stefnubreyting leitt til svo þungs dóms yfir lögmanni?

Að hluta virðist svarið ligga í mismunandi skoðunum um mörk skyldna sem lögmann hafa gagnvart umbjóðendum sínum og skyldna sem kann að hvíla á lögmannum sem opinberum sýslunarmönnum. Þá liggur svarið einnig í einstaka lagatúlkunum réttarins.

Það leiðir beint af rökstuðningi heraðsdóms að niðurstöður Hæstaréttar eru umdeilanlegar.

Um ofangreind atriði og hugleiðingar fjallar grein sem hægt er að nálgast á heimasíðunni: www.einsaer.is. Greinin var upphaflega skrifuð til birtingar í Tímariti lögfræðinga en var hafnað. Þá féllst Úlfljótur á að birta greinina en hafnaði henni síðan rétt fyrir prentun. Af þessum sökum var ákvæðið að birta greinina á sérstakri vefsíðu.

Í greininni er farið yfir ýmis atriði er varða rannsókn málsins sem var umfangsmikil. Athugaðir eru dóms-úrskurðir sem veittu heimild til að hlera síma lögmanns og láta framkvæma hjá honum húsleit og kannað hvort á þeim heimildum hafi verið einhverjar takmarkanir. Þá hugleiði ég þá ákvörðun mína að fara ekki fram á frávísun sakamálsins vegna meintra ólögmætra rannsóknaraðferða og dómsúrskurða

og hvaða áhrif það hafði á kæru til Mannréttindadóms Evrópu. Að lokum fer ég yfir meginforsendur dómsins sem eru sérlega áhugaverðar.

Greinin er augljóslega ekki skrifuð af hlutlausum aðila. Engu að síður er reynt að nálgast aðalatriði málsins af heiðarleika og virðingu fyrir mönnum og málefnum. Tek ég undir vaxandi skoðun á meðal lögmannna að nú sé fátt brýnna en málefna leg orðræða um réttarfari - sér í lagi á meðal og á milli lögmannna og dómara.

Álitaefti dómsins varða alla lögfræðinga miklu og hvet ég þá sérstaklega til að lesa greinina vel og kynna sér sjálfstætt gögn málsins en stefnt er að því að þau verði jafnframt birt á umræddri vefsíðu.

Bjarnfredur Ólafsson,
héraðsdómslögmaður



ÞEKKING REYNSLA FAGMENNNSKA

LOGOS sérhæfir sig í þjónustu við íslenskt og alþjóðlegt viðskiptalíf og er jafnframt sú lögmannsþjónusta á Íslandi sem á sér lengsta sögu, eða allt aftur til ársins 1907.

LOGOS
REYKJAVÍK • LONDON